



Selfossi 13. desember, 2012

Fundargerð stjórnar

107. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn fimmtudaginn 13. desember 2012, kl. 16.00 að Árvegi 1, Selfossi. (Skrifstofa slökkviliðsstjóra)

Mætt: Eyþór Arnalds, Kjartan Lárusson, Kristján Einarsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.
Ólafur Örn Ólafsson boðaði forföll en er í símasambandi.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 16.00

1. **Fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2013**

Fyrir fundinum lágu afrit af áætlununum.

Umræður og undirbúningur fyrir fulltrúaráðsfund.

Samþykkt að leggja fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun 2013 að upphæð kr. 151.556.114.- sem samrýmist almennri verðlagsþróun sl. 12 mánaða fyrir fulltrúaráð.

2. **Kauptilboð vegna Árvegar 1, Selfossi**

Undirbúningur fyrir fulltrúaráðsfund.

Fyrir fundinum lá kauptilboð frá sveitarfélaginu Árborg (2012) vegna eignarhluta Árborgar í húseigninni að Árvegi 1, Selfossi, Björgunarmiðstöðin á Selfossi.

Samþykkt að leggja fram kauptilboðið fyrir fulltrúaráðið.

Eyþór Arnalds tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

3. **Önnur mál.**

a. **Starfsmannamál**

Fært í trúnaðarbók

b. **Þjónustusamningur við Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands ehf**

Slökkvistjóra falið að semja við Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands ehf.

c. **Gróðureldar**

Slökkviliðsstjóra falið að vinna að viðbragðs-/aðkomuáætlun vegna skógar- og kjarrelda. Í fjárfestingaráætlun 2013 er komið inn á þessi mál með fjárfestingum á búnaði og tækjum sem nýtast í þessum málaflokki.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 16.25